

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1986

# 6

## Fornleifakönnun á Ingimundarhóli

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2013

*Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir rústir á Ingimundarhóli. Fremst á myndinni er tóft D. Í baksýn gnæfir Borgarvirki yfir svæðinu (Ljósm. GÓL-9119-25)*

# Fornleifakönnun á Ingimundarhóli


## Inngangur

Þann 26. júní 1986 voru Þór Magnússon þjóðminjavörður og Guðmundur Ólafsson fornleifafraeðingur í könnunar- og eftirlitsferð í Vestur Húnavatnssýslu og komu þá m.a. að Ingimundarhóli þar sem eru fornar rústir. Rústirnar eru friðlýstar og á friðlýsingarskjalinu standa eftirfarandi upplýsingar:

„Ingimundarrústir“, er svo heita; þær eru norðan undir Ingimundarhól, en hann stendur einstakur í nesi því, er verður milli Víðidalsár og Faxalækja. Sbr. Árb. 1901: 26. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 22.06.1931 (Georgsson, 1990).

Samkvæmt Vatnsdælu á Ingimundur hinn gamli að hafa haft vetursetu á þessum stað (Íslensk fornrit VIII, 1939, bls. 39-40).

Brynjólfur Jónsson skoðaði staðinn árið 1900 og gerði bæði greinargóða lýsingu og lauslegan uppdrátt af rústunum sem hann birti í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1901. (Brynjólfur Jónsson, 1901).




**Mynd 1. Uppdráttur Brynjólfs Jónssonar. Áttavísun er óviss og er ekki alveg í samræmi áttir á updráttum frá 1986 og 2001.**

Hér að neðan er frásögn Brynjólfs og er ljóst er að áttavísun Brynjólfs gengur út frá prentuðu teikningunni: „Rústin er norðan undir hólnum, liggur frá norðvestri til suðausturs og skiftist í 4 tóttir, sem hver gengur af enda annarrar. Hin suðaustasta er stærst, vel 7 faðma löng og 4 ½ faðma víð, Dyr eru úr norðurenda hennar inn í hina næstu, hún er 10 faðma löng en ekki

nema 4 faðma víð. Hún hefur útidyr á eystri hliðvegg, og aðrar dyr úr norðurendanum inn í hina næstu tótt, sem er hér um bil jafnstór henni en hefir engar útidyr. Veggir þessara tóttu eru mjög mikilfenglegir. Norðasta (norðvestasta) tóttin er minst, ekki nema 3 faðma löng, og nál. 2 faðm víða. Veggir hennar eru miklu rýrari en hinna, hún hefur útidyr, en ekki er innangengt í hana. Við vesturhlið 3 hinna fyrstölu eru furðulega mikla upphækkunir, fult svo breiðar sem tóttirnar sjálfar, en sýnast þó ekki vera tóttir. Við hina fyrst töldu, víðu tótt er upphækkunin breiðust, en mjóst við hina þriðju og gengur þar að sér. Við norðvestustu, endatóttina, er engin upphækkun. Get ég eigi fremur gizkað á aannað um upphækkunir þessar, en að það hafi verið heystæði. Má og nærri geta, að Ingimundur hafi sezt hér að undirbúningslaust. Sagan getur þess að hann fór í landaleitun. Hefir hann þá riðið á undan norður, valið þennan stað til vetursetu, látið byggja þar og afla heyja, svo alt hefir verið tilbúið þegar aðflutningur hans kom um haustið. Sérstök tótt er svo sem 100 faðma í norður frá >>höllinni<<, hér um bil 7 faðma löng og 4 faðma víð, og virðist hafa dyr á austurenda. Eigi gat ég fundið til grjóts í rústinni, hygg eg það lítið veru, enda er hóllinn grjótlítill melhóll. Mundi því til lítils að ggrafa hann út. Enda skal ég játa það, að þó eg hefði haft mannafla til þess – sem ekki var – þá mundi eg ekki hafa tímt að spilla svo merkilgum forngrip, sem þetta mannvirki er. (Sjá VI mynd)“ (Brynjúlfur Jónsson, 1901, bls. 26-27).

T-1986-2  
 INGIMUNDARHÖLL  
 26 júní 1986  
 Guðm. Ólafsson  
 Skissa



Mynd 2. Lausleg skissa af „Ingimundarrústum“.

## Lýsing á rústunum

Rústirnar voru skissaðar upp þan 26. 1986 með því að málband var lagt eftir þeim að endilöngu og stikað út frá því. Rústaþyrpingin er um 45 m að lengd og allt að 18 m breið. Hér er stutt lýsing á einstökum húsatóttum. Til hagræðis eru einstök hús rústaþyrpingarinnar auðkennd með bókstöfum og þeir yfirfærðir á sömu hús á teikningu Brynjólfs. Hús A-D eru í framhaldi af hverju öðru. Áttavísanir miðast við norðurpílu á skissunni.

- A Lítil rúst við norðaustur enda rústaraðarinnar. Hún er um 3x2 m að innanmáli. Veggjaþykkt er 2-2,5 m. Inngangur er á austurgafli.
- B Tóft við vesturenda tóftar A. Milliveggurinn er um 2,5 m að þykkt. Tóftin er um 13x4 m að innanmáli. Langhliðar tóftarinnar virðist hafa verið sveigðir, eins og fornir skálar voru gjarnan. Norðausturhlutinn virðist vera tvískiptur.
- C Þarna er tóft sem virðist hafa verið um 15x7 m að utanmáli, en veggjahleðslur þóttu svo óljósar að þær voru ekki mældar inn.
- D Tóft sem er 7x6 m að innanmáli. Hún er hugsanlega yngri en tóftir A-D.
- E-G eru þrjár tóftir sem liggja að rústum C-D að sunnanverðu og eru sennilega yngri en þær.
- E Tóftin er um 12x5,5 m að innanmáli. Veggir eru 2 m þykkir. Hugsanlega beitarhús.
- F Úr E er innangengt í tóft F sem er er 5,5x3 m að innanmáli. Hugsanlega hlaða.
- G Úr F er ennangengt í tóft G sem er um 8x2 m að innanmáli. Hugsanlega hlaða.
- H Lítil tóft skammt norðan við tóft A. Hún er um 3x2 m að innanmáli. Inngangur er á norðurgafli. Veggjaþykkt er um 1,5 m.
- I Tóft sem stendur í nokkurri fjarlægð suðaustur af rústaþyrpingunni og var ekki mæld upp.

## Snið

Tvær litlar könnunarholur voru grafnar í rúst B.

### Snið I:

Holan var grafin nálægt miðu rústarinnar.

- 0-10 cm. Um 10 cm þykk brún mold.
- 10-13 cm. Grábrún mold.
- 13-13.6 cm. Ljós gjóska (0,6 cm).
- 13,6-28 cm. Ljósbrún mold.
- 28-30 cm. Rauðbleik móaska og viðarkol.
- 30-33 cm. Viðarkol, gólfskán.
- 33- cm. Steinn, hella?



Mynd 3. Frumteikning af sniði I.

## Snið II:

Holan var grafin í miðjan norðurvegg tóftar B. Þar reyndist vera torfhleðsla, líklega úr streng. Í torfinu var dökkgrá gjóska. Á 42 cm dýpi var klaki í jörðu og varð ekki komist dýpra.

Ekki voru tekin sýni úr gjóskulögunum en líklegast er að ljósa gjóskan sé úr Heklu frá 1104. Ef það er rétt ætti dökka gjóskan í veggjahleðslunni að vera eldri og gæti verið úr gosi sem féll um 1000 og talin er vera komin frá Veiðivatnakerfinu.

## Heimildir

Brynjúlfur Jónsson. (1901). Rannsóknir á Norðurlandi sumarið 1900. *Árbók hins íslenska fornleifafjelags 1900.* (bls. 7-27). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafjelag.


Georgsson, Á. Ó. (1990). Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. In Á. Ó. Georgsson (Ed.), (pp. 78). Reykjavík: Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands.

Íslensk fornrit VIII. (1939). Vatnsdæla saga. In Einar Ólafur Sveinsson (Ed.). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

## Viðauki

Árið 2001 fóru minjaverðirnir Þór Hjaltalín og Sigurður Bergsteinsson á staðinn og mældu rústirnar upp með alstöð. Til fróðleiks er uppdráttur þeirra birtur hér. Hann sýnir svipaða afstöðu og stærra samhengi, en er samt ekki alveg eins og hér er áttavísun enn önnur en á hinum tveimur fyrri uppdráttunum.





Mynd 4. Yfirlitskort af rústum á Ingimundarhóli. Mælt upp af Þór Hjaltalín og Sigurði Bergsteinssyni 2001.